

Alþingi
Erindi nr. P 135/520
komudagur 28.11.2007



27.11.2007
1A3g/69/222/LÓ/16


Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktunartillaga um eflingu rafrænnar sjúkraskrár

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um ofan nefnda tillögu. Það hefur lengi verið skoðun Heilsugæslunnar að efla þyrfti rafræna sjúkraskrá, ekki einatt fyrir Heilsugæsluna heldur alla heilbrigðisþjónustu landsins. Þannig að fyrir liggji aðgengilegar upplýsingar um heilsufar allra landsmanna og notkun þeirra á heilbrigðisþjónustu. Er það verðmætt og nauðsynlegt tæki í allri áætlanagerð, faraldsfræðilegum rannsóknum, og í þjónustu við sjúklinga og árangursríkari notkun heilbrigðisþjónustunnar. Heilsugæslan fagnar öllum stuðningi við framvindu þess máls.

Til þess að ráðast megi í þetta verkefni er nauðsynlegt að setja lög og reglur um rafræna sjúkraskrá um aðgang að henni, innihald og stjórnun. Ert því rétt að minna á að á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráuneytisins er starfandi nefnd sem hefur það hlutverk og er henni ætlað að ljúka störfum 15. febrúar nk.

Virðingarfyllst,



Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri